

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

Tónheyrn F2 - númer

Vorönn 2024

Kennari: Ívar Aðalsteinsson

Forkröfur: F1 THE

Hæfniþrep

Einingafjöldi:

Áfangalýsing:

Haldið er áfram með tónheyrnarþjálfun frá haustönninni og viðfangsefnið enn margbrotnari lög og hrynnur. Laglínur geta verið í dúr eða 3 gerðum mollsins, þær geta verið þannig að skipt sé um tóntegund, pentatónískar eða fylgjandi heiltónaskala ellegar dúr- eða molllaglínur með einum algengum krómatískum tóni. Þær geta verið með taktskiptum, í 6/8 eða óreglulegum takti, og með allt að fjórdeildum slögum, þríórum og synkópum og með stórum stökkum. Í hrynestri er lögð áhersla á samsetta takta þar sem nota eða þögn getur verið allt að sjötti hluti slags. Bindibogar geta komið frá öllum þessum slaghlutum. Ennfremur eru fimmólur æfðar og tríóluryrtmi í ýmsum myndum yfir eitt eða tvö slög og tvö mismunandi hrynmynstur samtímis. Mollsjöundarfullminnkaður og hálfminnkaður hljómur eru greindir eftir heyrn og sungnir í öllum stöðum. Stutt atónal tónferli eru sungin og skráð eftir heyrn. Laglínus- og hryndæmi í ætt við það sem hefur verið sungið og hrynesið eru upprituð eftir heyrn og að auki tvær laglínur sem hljóma samtímis.

Námsmarkmið:

Þekking:

Nemandi þekki hvernig fjölbreytileg lagferli hljóma í dúr, hr. og hljómh. moll eða þá pentatónísk, fylgjandi heiltónaskala eða með einni algengri krómatískri nótum. Stökk geta verið stór í þessum laglínum. Laghrynumurinn getur verið taktskiptur, óreglulegur eða í 6/8 og slög allt að þrí- eða fjórdeild og synkóperuð. Í hrynestri þekki nemandi vel til samsettra takta með nótum/þögnum allt að sjötta parti slags og bindibogum frá hverjum þeirra. Hann þekki fimmólur og tríóluryrtma í ýmsum myndum yfir eitt eða tvö slög og hvernig á að utfæra tvö mismunandi hrynmynstur samtímis. Hann þekki hljóm mollsjöundarhljóms, minnkaðs og hálfminnkaðs hljóms og hljómhvarfa þeirra og hvernig má syngja þá sem tónbilaröð. Hann sé kunnugur tónferli án tónmiðju og því hljóðferli sem því fylgir.

Leikni:

Nemandi öðlist leikni í að syngja fjölbreytileg lög í dúr, hr. og hljómh. moll eða pentatónísk, fylgjandi heiltónaskala eða með einni algengri krómatískri nótum. Stökk geta verið stór í þessum laglínum. Rytmi þeirra getur verið taktskiptur, óreglulegur eða í 6/8 og slög allt að þrí- eða fjórdeild og synkóperuð. Í beinum hrynestri hafi nemandi öðlast lipurð í að lesa samsetta takta með nótum/þögnum allt að sjötta parti slags og bindibogum frá hverjum þeirra. Hann geti hrynesið fimmólur og tríóluryrtma í ýmsum myndum yfir eitt eða tvö slög og hvernig má slá tvö mismunandi hrynmynstur samtímis. Hann hafi öðlast nokkra færni í að syngja forsþjöundarhljóm og dúrsjöundarhljóm og hljómhörf þeirra og greina eftir heyrn. Ennfremur í greiningu atónal tónferlis eftir heyrn og skráningu þess og söng velflestra dúr og molltónstiga á nótanöfnum. Hann hafi öðlast leikni í að lag- og hrynumprita eftir heyrn tóndæmi sambærileg að innihaldi við það efni sem sungið er eða hrynesið og líka nokkra færni í uppritun tveggja laglína sem hljóma samtímis.

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

Hæfni:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að geta sinnt tónlistariðkun þar sem sú þekking og leikni sem upp er talin hér að ofan nýtist honum. Hér er ekki síst átt við góða hæfni í nótnalestri og vald á því og greina og leika mjög fjölbreytileg hrynmynstur.

Námsgögn:

Nótnaskrifbækur, söng- og hrynglestrarblöð sem nemandi fær í tínum

Námsmatsþáttur	Lýsing námsmatsþáttar	Vægi
Símat í tínum og lokapróf		100 %

Námsáætlun:

Vikur	Viðfangsefni	Verkefni
1. vika (3. – 5. jan 2024)	Nám og námsefni vetrarins kynnt og skipulag þess. Rifjað upp námsefni úr áður lærðri tónheyrn.	
2. vika (8. – 12. jan. 2024)	Mollsjöundar- fullminnkaður og hálfminnkaður hljómur sungnir og greindir í grunnstöðu. Söngur og hrynglestar.	
3. vika (15. – 19. jan 2024)	Mollsjöundar- fullminnkaður og hálfminnkaður hljómur sungnir og greindir í grunnstöðu og hljómhvörfum. Söngur og hrynglestar iðkaður og lag- og hrynuupprit eftir heyrn.	
4. vika (22. – 26. jan 2024)	Söngur og hrynglestar iðkaður og lag- og hrynuupprit eftir heyrn.	
5. vika (29. jan – 2. feb 2024)	Lög með þríolum sungin í einf. takti eða 6/8. Hrynglestar. Lag- og hrynuupprit eftir heyrn.	
6. vika (5. – 9. feb 2024)	Lög með taktskiptum sungin ýmist í dúr eða hreinum moll. Hrynr í lesinn í samsettum takti en með nokkuð flóknum taktbrigðum. Lag- og hrynuupprit.	
7. vika (12. – 16. feb 2024)	Mollsjöundar- fullminnkaður og hálfminnkaður hljómur sungnir og greindir í grunnstöðu og hljómhvörfum. Söngur og hrynglestar í samsettum takti með þögnum sem eru allt að sjötti hluti slags á hvaða slaghluta sem er. Lag- og hrynuupprit.	

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

8. vika (19. – 23. feb 2024)	Hrynestur á tríólum yfir eitt eða tvö slög kynntur og æfður. Annars haldið áfram að þjálfa önnur efnisatriði sem áfanginn nær til.	
9. vika (26. feb. – 1. mars 2024)	Atónal tónaröð sungin og greind eftir heyrn. Söngur, hrynestur og upprit í framhaldi af því sem áður var gert.	
10. vika 4. – 8. mars 2024)	Tvö hrynmynstur samtímis kynnt og æfð. Að öðru leyti haldið áfram að þjálfa önnur efnisatriði sem áfanginn nær til.	
11. vika (11. – 15. mars 2024)	Pentatónísk lög og önnur sem fylgja heiltónaskala sungin. Að öðru leyti haldið áfram að þjálfa önnur efnisatriði sem áfanginn nær til.	
12. vika (18. – 22. mars 2024)	Uppritun laglínu með einum krómatískum tóni kynnt og æfð. Annars haldið áfram að þjálfa önnur efnisatriði sem áfanginn nær til.	
13. vika (25. – 29 mars. 2024)	Páskafrí	
14. vika (2. – 5. apríl 2024)	Tvær laglínur sem hljóma samtímis eru kynntar til sögunnar og þjálfun í að upprita þær. Að öðru leyti haldið áfram að þjálfa önnur efnisatriði sem áfanginn nær til.	
15. vika (8. – 12. apríl 2024)	Haldið áfram að þjálfa flest þau efnisatriði sem áfanginn nær til ekki síst tvö hrynmynstur samtímis.	
16. vika (15. – 19. apríl 2024)	Þjálfuð uppritun á tveimur laglínum sem hljóma samtímis. Annars haldið áfram að þjálfa önnur efnisatriði sem áfanginn nær til.	
18. vika (22. – 26. apríl 2024)	Sýnispróf skoðað og unnið	
19. vika (29. apríl – 3. maí 2024)	Sýnispróf skoðað og unnið	
20. vika (6. – 10. maí 2024)	Vorpróf úr efni áfangans	Próf